

Breytt skipan
stjórnsýslustofnana heilbrigðisráðuneytisins

Tillögur

Skýrsla nefndar heilbrigðisráðherra:

Stefán Ólafsson, formaður
Ragnheiður Haraldsdóttir
Sæunn Stefánsdóttir
Vilborg Þ. Hauksdóttir

Janúar 2010

Efnisyfirlit

- I. Inngangur: Viðmið og grundvöllur tillagna
- II. Fyrri tillögur
- III. Tillögur um Landlæknisembættið, Lýðheilsustöð, Lyfjastofnun, Lyfjagreiðslunefnd og Geislavarnir

Viðauki I: Skipan og verkefni helstu stjórnsýslustofnana heilbrigðis- og velferðarmála á hinum Norðurlöndunum

Viðauki II: Heildarskipulag heilbrigðis- og velferðarmála á Norðurlöndum

Viðauki III: Greining starfsþátta helstu stjórnsýslustofnana heilbrigðismála og skyldra stofnana á Íslandi

Viðauki IV: Skipurit og starfsmannaskipting helstu stjórnsýslustofnana heilbrigðismála og skyldra stofnana á Íslandi

Viðauki V: Listi yfir viðmælendur nefndarinnar

I. Inngangur: Viðmið og grundvöllur tillagna

Heilbrigðisráðherra skipaði starfsnefnd til að gera tillögur um breytta skipan stjórnáæslustofnana ráðuneytisins þann 26.08.09. Nefndina skipa Stefán Ólafsson, formaður, Ragnheiður Haraldsdóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Vilborg Þ. Hauksdóttir. Gunnar Alexander Ólafsson starfaði með nefndinni og einnig í byrjun Hallgrímur Guðmundsson, uns hann hvarf til annarra starfa. Eftirtalin voru helstu markmiðin með starfi nefndarinnar:

- Auka árangur í starfsemi stofnana ráðuneytisins, samhliða hagræðingu, með breyttu skipulagi, flutningi verkefna eða sameiningu þeirra.
- Hafa hliðsjón af hliðstæðri starfsemi í grannlöndunum, ekki síst á Norðurlöndunum
- Huga að aukinni samþættingu við starfsemi skyldra stofnana í öðrum ráðuneytum

Nefndinni var ætlað að hafa samráð við viðkomandi stofnanir og skila tillögum sínum í lok nóvember (sjá lista yfir viðmælendur nefndarinnar í Viðauka V). Nýr heilbrigðisráðherra, Álfheiður Ingadóttir, óskaði síðan eftir að nefndin hraðaði störfum sínum og skilaði tillögum sínum fyrr. Nefndin kynnti umræðutillögur í fyrri hluta nóvember og var óskað eftir skriflegum viðbrögðum viðkomandi stofnana við þeim. Ráðherra fól nefndinni síðan að hafa frekara samráð við stofnanirnar og var fundað með fulltrúum þeirra og tillögurnar og viðbrögð stofnananna voru rædd frekar.

Endanlegar tillögur sem hér liggja fyrir eru lítið breyttar eftir samráðsferlið, enda komu ekki alvarlegar athugasemdir við helstu tillögur nefndarinnar. Þó skilaði samráðsferlið mörgum gagnlegum ábendingum og frekari hugmyndum sem flestar eiga erindi inn í frekari vinnu að verkefninu, eftir að ákvörðun hefur verið tekin um framkvæmd einstakra tillagna nefndarinnar. Skriflegar athugasemdir viðkomandi stofnana eru sjálfstæð fylgiskjöl með skýrslunni.

Nefndin hefur kynnt sér skipan stjórnáæslustofnana á sviði heilbrigðismála og velferðar á hinum Norðurlöndunum og hafði hliðsjón af því í starfi sínu. Einnig hefur nefndin aflað sér gagna um starfsemi viðkomandi stofnana hér á landi og haft samráðsfundi með starfslíði og stjórnendum stofnananna. Nefndin kynnti sér starfsemi og hlutverk Sjúkratrygginga Íslands líkt og annarra stofnana á sviðinu en að beiðni ráðuneytisins er ekki fjallað um þá stofnun í þessari skýrslu. Formaður annaðist mest af þeirri greiningarvinnu sem nefndin gekkst fyrir og ritar skýrsluna.

Við breytingar á skipan stjórnáæslustofnana má hugsa sér eftirfarandi leiðir til að ná tilteknum markmiðum:

- I. **Samþætting starfsemi**, t.d. með því að hýsa stofnanir á sama stað eða með auknu samstarfi
 - a) Sameiginleg hýsing býður upp á aukinn samrekstur (húsnæðis, afgreiðslu, þjónustu, tölvukerfa, mötuneyta o.fl.) sem getur leitt til sparnaðar og samlegðaráhrifa. Aukin tengsl milli stofnana geta af sér nýja virkni.
 - b) Samstarf getur falið í sér samrekstur skyldra starfseininga, þjónustusamninga (þ.e. að þeir bestu annist almenna rekstrarþætti o.s.frv.) eða reglubundið samráð
- II. **Tilflutningur einstakra verkefna milli stofnana**
 - a) Gerir hlutverk og framkvæmd markvissari
 - b) Byr til samlegðaráhrif
- III. **Sameining stofnana eða starfspátta**
 - a) Byggð á skyldleika starfsemi og samlegðaráhrifum
 - b) Fyrirmyndir frá nágrannaríkjum Íslands

Þannig má segja að ýmsar leiðir séu fyrir hendi til að ná fram markmiðum um betri árangur í starfi og hagræðingu með sparnaði. Allt frá því að hýsa skyldar stofnanir saman og vinna þannig að samþættingu er leiðir til sparnaðar og öflugri þjónustu og samlegðaráhrifa og til þess að færa einstök verkefni milli stofnana eða að sameina skyldar stofnanir í eina.

Nefndin setti sér eftirfarandi meginviðmið við tillögugerðina:

- **Sömu lykilstofnanir séu hér á landi og eru annars staðar á Norðurlöndunum**
- Vegna fámennis er þó eðlilegt að sjálfstæðar stofnanir í nágrannaríkjunum eigi sér stundum samsvörun í sjálfstæðum deildum stærri stofnunar hér á landi
- Almenn stefna:
- **Hafa færri og stærri stofnanir, búa til virka stærð (*critical mass*) með samlegðaráhrifum á mörgum sviðum**
- Algengt er í íslenskri stjórnsýslu að einingar séu of smáar og er sumum starfspáttum því ver sinnt
- Stærri stofnanir þola betur niðurskurð en smáar, án þess að skaða starfsemi einstakra eininga

Almenna viðmiðið er að horfa til þess að eðlilegt gæti talist að samsvarandi stofnanastarfsemi sé á Íslandi og er annars staðar á Norðurlöndunum. Þar er velferðarkerfi sem er um margt líkt því íslenska að uppbyggingu, sérstaklega á sviði velferðarþjónustu. Þar eru þjóðfélagsaðstæður einnig um margt svipaðar og hér á landi. Vegna fámennis á Íslandi má þar að auki telja eðlilegt viðmið að hér á landi eigi sjálfstæðar stofnanir í hinum löndunum sér samsvörun í sjálfstæðum deildum stærri stofnana, einfaldlega til að draga úr veikleikum sem tengjast að öðru jöfnu fámenni og til að auka hagræði og efla samlegðaráhrif með skyldri starfsemi.

Ofangreind forsenda kallar á að á Íslandi sé stefnt að færri og stærri opinberum stofnunum og búa þannig til virka stærð (*critical mass*) með samlegðaráhrifum milli skyldra sviða. Það er einmitt algengt að einingar í íslenskri stjórnsýslu séu smáar og þar með oft veikar, sem getur komið niður á getu til að sinna viðkomandi verkefnum. Í þessu samhengi skiptir einnig máli að ætla má að stærri stofnanir þoli betur niðurskurð á þrengingartímum, eins og nú eru, án þess að skaða starfsemina óbærilega, sem er meiri hættu á í fámennisumhverfi.

Þó því sé ekki þannig farið að stofnanir á þessu sviði séu nákvæmlega eins á öllum Norðurlöndunum þá fer ekki hjá því að talsverð samsvörun sé milli landa á sumum viðkomandi sviða. Þannig eiga til dæmis helstu lykil stjórnsýslustofnanir á sviði heilbrigðismála og almannatrygginga sér systurstofnanir í öllum löndunum, eins og sjá má í töflu 1.

Tafla 1
Lykil stjórnsýslustofnanir heilbrigðismála og almannatrygginga á Norðurlöndum

	Heilsa (eftirlit, ráðgjöf, forvarnir, skýrslur og upplýsingar)	Almannatryggingar (bætur, greiðslur)	Vinna (miðlun starfa, starfsmenntun, virkni aukning, bætur)
Danmörk	Sundhedsstyrelsen	Sikringsstyrelsen	Arbejdsdirektoratet
Finnland	VALVIRA-Supervisory Authority for Welfare and Health	KELA	The Labour Institution
Noregur	Helsetilsynet (eftirlitshlutverk) Helsedirektoratet (stjórnsýsluhlutverk)	NAV	NAV
Svíþjóð	Socialstyrelsen (heilsa og velferð)	Försäkringskassen	Arbetsförmedlingen
Ísland	Landlæknir	Tryggingastofnun/ Sjúkratryggingar Íslands	Vinnuálastofnun

Heimild: MISSOC 2008 (sjá nánar í Viðauka II). *Misjafnt er milli landanna í hvaða mæli einstökum hlutverkum er sinnt af viðkomandi stofnunum. Til dæmis greiðir Sikringsstyrelsen í Danmörku ekki út bætur/lífeyri til einstaklinga en hinar stofnanirnar gera það. Sama á við um atvinnuleysisbætur, fyrirkomulag greiðslna er breytilegt. Kela og NAV annast í miklum mæli greiðslu og þjónustu á sviðum vinnu og velferðar en heyra undir fleiri en eitt ráðuneyti.

Á heilbrigðissviði eru lykilstofnanirnar þær sem koma næst því að teljast systurstofnanir landlæknisembættisins á Íslandi, þ.e. Sundhedsstyrelsen í Danmörku, VALVIRA í Finnlandi, Helsetilsynet og Helsedirektoratet í Noregi og Socialstyrelsen í Svíþjóð. Þær annast eftirlit með heilbrigðisþjónustu og starfsfólki heilbrigðisgeirans, auk eftirlits með umönnunar og meðferðarstofnunum á heilbrigðis- og velferðarsviði. Þær annast einnig leyfisveitingar, ráðgjöf, gæðamál, upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun og loks sinna þær gjarnan umtalsverðu hlutverki á sviði forvarna (sóttvarna) og í mismunandi mæli lýðheilsu. Í Danmörku er geislavörnum í heilbrigðisþjónustu sinnt innan Sundhedsstyrelsen. Lýðheilsustofnanir eru einnig sjálfstæðar í löndunum (nema Finnlandi, þar sem hún er sameinuð rannsóknar- og upplýsingamiðlunarstofnuninni STAKES er fer með hluta af því sem í sumum hinna landanna er sinnt af systurstofnunum landlæknisembættisins). Í Danmörku virðist Lýðheilsustofnunin vera með ríka áherslu á rannsóknir.

Á sviði almannatrygginga eru stofnanir sem eru systurstofnanir Tryggingastofnunar ríkisins og Sjúkratrygginga Íslands með stærstu hlutverkin, þ.e. Sikringsstyrelsen í Danmörku, KELA í Finnlandi, NAV í Noregi og Försäkringskassan í Svíþjóð. Þær stofnanir annast flestar greiðslur til einstaklinga er tengjast almannatryggingakerfinu (lífeyri, bætur sjúkra- og slysatrygginga, niðurgreiðslur á kostnaði þjónustu og lyfja). Engin þessara stofnana nema Sjúkratryggingar Íslands hefur þó það hlutverk að greiða veitendum heilbrigðisþjónustu fyrir veitta þjónustu samkvæmt samningum.

Loks eru á sviði vinnumála einstaklinga stofnanir er flokka má sem systurstofnanir Vinnumálastofnunar hér á landi, þ.e. Arbejdsdirektoratet í Danmörku, The Labour Institution í Finnlandi (KELA greiðir þó atvinnuleysisbætur), NAV í Noregi og Arbetsförmedlingen í Svíþjóð. KELA í Finnlandi annast sem sagt allar opinberar velferðargreiðslur til einstaklinga, ekki aðeins á lífeyrissviði og heilbrigðissviði, heldur einnig á sviði atvinnuleysistrygginga og fjölskyldu- og húsnæðisbóta. Svipað á við um NAV í Noregi, sem var stofnuð árið 2006 með sameiningu systurstofnana Tryggingastofnunar og Vinnumálastofnunar hér á landi. Sú stofnun sinnir öllum greiðslum til einstaklinga vegna almannatrygginga, heilbrigðismála og vinnumála, auk margþættrar þjónustu og upplýsingamiðlunar á þessum sviðum. Markmiðið með sameiningu ofangreindra stofnana í NAV var að búa til samlegðaráhrif með sameiningu og samþættingu. Hluti af þeirri áætlun var einnig sameining við félagsþjónustu sveitarfélaga um landið allt, en sá þáttur virðist hafa skapað nokkur aðlögunarvandamál.

Skipan ráðuneyta heilbrigðismála er í stórum dráttum með eftirfarandi hætti á Norðurlöndunum:

Danmörk	Ráðuneyti heilbrigðismála og forvarna
Finnland	Ráðuneyti félags- og heilbrigðismála
Noregur	Ráðuneyti heilbrigðismála og umönnunar
Svíþjóð	Ráðuneyti heilbrigðis- og félagsmála
Ísland	Heilbrigðisráðuneyti

Í Svíþjóð og Finnlandi eru málefni heilbrigðismála og velferðar á hendi sama ráðuneytisins (ráðuneyti félags- og heilbrigðismála eða ráðuneyti heilbrigðis- og félagsmála) sem auðveldar samþættingu á framkvæmd þjónustunnar og samvinnu við stjórnsluverkefni á vettvangi stofnana. Þó er slíkt ráðuneytið mjög stórt í framkvæmd. Norðmenn hafa leitað sömu áhrifa með sameiningu stofnana í NAV þó málaflökkarnir séu á hendi tveggja eða fleiri aðskyldra ráðuneyta. Þar þjónar NAV í reynd þremur ráðuneytum, þ.e. ráðuneyti heilbrigðismála og umönnunar (Helse- og omsorgsdepartementet), ráðuneyti vinnu- og samfélagsþátttöku (Arbeids- og inkluderingsdepartementet) og ráðuneyti barna- og jafnréttismála (Barne- og likestillingsdepartementet). KELA í Finnlandi sinnir þjónustu og greiðslum fyrir


ráðuneyti félags- og heilbrigðismála, ráðuneyti vinnumála og fyrir ráðuneyti umhverfismála (þ.e. greiðslu húsnæðisbóta).

Grundvallarmunur er á stjórnsýsluskipan á þessum sviðum á Íslandi og hinum Norðurlöndunum. Framkvæmd velferðar- og heilbrigðismála er að mestu leyti á hendi sveitarfélaga í hinum löndunum, sem skapar eins konar millistig í uppbyggingu stjórnsýslunnar. Þetta hefur þær afleiðingar að í samanburði við hin löndin vantar að stórum hluta þetta millistig á Íslandi. Þetta hefur m.a. þær afleiðingar að tengsl milli ráðuneytis og framkvæmdar eru nánari hér á landi en í hinum löndunum og miðstýring meiri sem getur skapað vanda. Hlutverkaskipan stofnana og ráðuneyta er rétt að skoða einnig í þessu samhengi.

II. Fyrri tillögur

Tvær tillögur voru gerðar á árinu 2008 um endurskipulagningu stjórnáslustofnana heilbrigðisráðuneytisins. Sú fyrri var gerð af sérstökum ráðgjöfum á vegum forsætisráðuneytisins en sú seinni var gerð á stefnumótunarsviði ráðuneytisins. Báðar tillögurnar fela í sér róttæka uppstokkun á skipan stofnana á þessu sviði.

Sú fyrri, tillaga ráðgjafanna, sem kynnt var sem frumgreining á mögulegri endurskipulagningu eftirlits- og þróunarstofnana heilbrigðisráðuneytisins (dags. 11. nóvember 2008), tekur mið af nýjum lögum um Sjúkratryggingar Íslands og gengur út frá því að hún starfi áfram sem slík en tillögurnar fjalla um eflingu annarra stofnanasviða ráðuneytisins og er lagt til að allar stofnanirnar verði sameinaðar í eina Eftirlits- og þróunarstofnun (sjá mynd 1). Ráðgjafarnir telja verkefni Landlæknis víðtæk og að þau rekist á að hluta, t.d. hagsmunagæsla sjúklinga og framkvæmdahlutverk ráðuneytisins. Þá telja þeir að stjórnáslustofnanir heilbrigðisráðuneytisins séu smáar og veikar og leggja almennt áherslu á stærri stofnanir. Niðurstaða forkönnunar þeirra er að leggja til að tvær stofnanir sinni flestum stjórnásluhlutverkum ráðuneytisins: Sjúkratryggingar Íslands annist kaup á þjónustu, árangurs-, gæða- og kostnaðareftirlit, en hins vegar verði aðrar stofnanir sameinaðar í nýja eftirlits- og þróunarstofnun, er sinni eftirliti og málefnum gæða og þróunar. Einnig reifa ráðgjafarnir möguleika á að færa sum eftirlitshlutverk þessara stofnana til einkaaðila og nefna þeir einnig að Lyfjastofnun kunni að þurfa að vera sjálfstæð stofnun vegna alþjóðlegra reglna.




Mynd 1: Tillaga ráðgjafa 2008: Tvær stjórnáslustofnanir

Tillaga ráðgjafanna er róttæk og spurning um hversu auðvelt yrði að framkvæma hana. Hún er jafnframt ólík þeirri skipan stofnanamála heilbrigðis- og velferðarmála sem algengust er á hinum Norðurlöndunum (sjá nánari lýsingu á því í Viðauka I aftar í þessari skýrslu). Þá er ljóst að eftirlitshlutverk t.d. Geislavarna ríkisins og Landlæknis eru um margt eðlisólík.


Tillagan á mynd 2 var unnin af stefnumótunarsviði heilbrigðisráðuneytisins og tekur betur mið af eðlismun ólíkra verkþátta í starfsemi stofnana ráðuneytisins. Starfshópurinn telur að Sjúkratryggingar Íslands eigi að starfa áfram, enda lögin um þá stofnun nýleg. Hins vegar leggur hópurinn til að starfsemi hinna fjögurra meginstofnana ráðuneytisins verði sameinuð í tvær nýjar stofnanir: Eftirlitsstofnun

(Health inspectorate) og Framkvæmdastofnun Lýðheilsu (Health protection agency). Þannig væru eftirlitshlutverk Geislavarna ríkisins, Lyfjastofnunar og Landlæknis sett í Eftirlitsstofnunina, en Lýðheilsustofnunin annist heilsuefningu, öryggi og sóttvarnir, og umönnunarþátt heilbrigðis- og félagsgeira. Þetta er einnig nokkuð róttæk uppstokkun og spurning hversu vel eftirlitshlutverk Geislavarna ríkisins og Lyfjastofnunar annars vegar, og eftirlitshlutverk Landlæknis fara saman.



Mynd 2: Tillaga stefnumótunar sviðs 2008: Þrjár stjórnsýslustofnanir

Til samanburðar er á mynd 3 sýnd núverandi skipan stjórnsýslustofnana heilbrigðisráðuneytisins að undanskildum lyfjagreiðslunefnd og vísindasiðanefnd.



Mynd 3: Núverandi skipan helstu stjórnsýslustofnana heilbrigðisráðuneytisins

Þessar tvær framangreindu tillögur eiga sér litla sem enga fyrirmynd á hinum Norðurlöndunum, sem heildarlandslag stjórnsýslustofnana á þessu sviði. Jafnvel þó það sjónarmið væri viðhaft að á Íslandi skyldu vera að öðru jöfnu færri stofnanir þá er ekki augljóst að ofangreindar tillögur falli að meginviðmiðum og verkaskiptingu í starfsemi skyldra stofnana annars staðar á Norðurlöndunum. Auk þess má ætla að erfitt væri að setja ofangreindar tillögur í framkvæmd við núverandi aðstæður. Á samráðsfundum nefndarinnar með starfsfólki og stjórnendum viðkomandi stofnana kom í ljós mikil andstaða við svo róttæka uppstokkun stofnanaskipanar sem og við þær leiðir sem felast í þessum tveimur fyrri tillögum.

Nefndin hefur því farið aðra leið með minni uppstokkun sem auðveldara ætti að vera að setja í framkvæmd. Hliðsjón er höfð af greiningu á starfsemi einstakra stofnana og hvernig ólíkir starfsþættir geta fallið saman og tengst öðrum verkþáttum. Þar með er greitt fyrir því að ná fram sem mestum samlegðaráhrifum með minna umróti, á tíma þar sem mikið mæðir á opinbera heilbrigðis- og velferðarkerfinu.

III. Tillögur um landlæknisembættið, Lýðheilsustöð, Lyfjastofnun og Geislavarnir ríkisins

Eftirfarandi eru tillögur nefndarinnar sem eru settar fram sem umræðutilögur á þessu stigi.

Við mótnun tillagnanna er fylgt þeim almennu viðmiðum sem kynnt voru í kafla I í skýrslunni. Byggt var einnig á greiningu á því hvernig skipan þessara mála er á hinum Norðurlöndunum, verkaskiptingu milli stofnana og staðsetningu einstakra verkþátta innan stofnana. Þó ekki sé um að ræða að skipan stofnanamála á heilbrigðis- og velferðarsviðum sé alveg eins í öllum hinum Norðurlöndunum, er oft um að ræða samsvörun, sem mótast hefur á lengri tíma, á grundvelli reynslu og þarfa sem tengjast starfsemi sem í eðli sínu er skyld í velferðarsamfélögum sem eru um margt lík. Breytingar hafa þó átt sér stað á síðustu árum og virðist sú róttækasta vera stofnun NAV í Noregi árið 2006.

Þá var gerð ítarleg greining á verkefnum og starfsþáttum íslensku stofnananna á þessu sviði, með hliðsjón af lögum um þær (sjá Viðauka III). Einstaka starfsþættir voru greindir eftir því hvort um var að ræða **eftirlit**, vöktun, úttektir, tilmæli; **leyfisveitingar**, úrskurði, fyrirmæli, viðurlög; **ráðgjöf** og upplýsingamiðlun; **þróun**, rannsóknir og rekstur gagnabanka; **forvarnir**; **greiðslur til einstaklinga** eða **greiðslur til veitenda** þjónustu.

Fyrsta tillagan lýtur að skipan landlæknisembættisins og felur í sér að áherslum embættisins er breytt og þær skýrðar, meðal annars með breytingu á nafni (þ.e. með viðbót við nafn embættisins) og breyttri skilgreiningu á hlutverki.

Tillaga I: Breyttar áherslur í skipan landlæknisembættisins

- Landlæknir er **lykilstofnun**, líkt og sambærilegar stofnanir á hinum Norðurlöndunum. Landlæknir virðist hins vegar ekki nægilega öflug stofnun sem slík.
- Skerpa þarf á hlutverki landlæknisembættisins og efla það sem eftirlitsstofnun, bæði á sviði heilbrigðis- og velferðarmála
- Nýtt auðkenni embættisins þyrfti að koma til í samræmi við víðara hlutverk. Breyting á heiti í samræmi við þetta gæti t.d. verið:
- **“Landlæknir – Stjórnarsýslustofnun lýðheilsu og velferðarmála”**
- Enskt heiti væri þá: “Directorate of Health and Welfare” eða “Directorate of Public Health and Welfare”

Forsendan er að landlæknisembættið sé lykilstofnun á sviði heilbrigðis- og velferðarmála, líkt og Tryggingastofnun er lykilstofnun á sviði opinberra lífeyrismála og greiðslna til einstaklinga og Vinnumálastofnun á sviði atvinnuleysismála. Að sumu leyti virðist landlæknisembættið ekki vera nægilega öflugt til að sinna þeim fjölmörgu hlutverkum sem því eru ætluð í lögum og sem algengt er að sambærilegar stofnanirnar sinni á hinum Norðurlöndunum. Systurstofnanirnar í Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og Noregi sinna jöfnum höndum eftirlitshlutverkum á sviði heilbrigðismála og félagsmála (umönnunarstofnunum o.fl.). Þá er nokkur skörun á hlutverkum

landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar á sviði lýðheilsu, upplýsingaöflunar og upplýsingamiðlunar, auk forvarna.

Til að láta nafn landlæknisembættisins endurspegla betur hvert sé hlutverk stofnunarinnar er lagt til að nafninu verði breytt með viðbót við hið sögulega heiti embættisins og það verði “Landlæknir – Stjórnsýslustofnun lýðheilsu og velferðar”. Sambærilegar stofnanir á hinum Norðurlöndunum bera almennt ekki “læknis”-heitið lengur, nema í Færeyjum, þrátt fyrir að slíkt embættisheiti sé þar til innan ráðuneytis eða viðkomandi stofnunar. Markmiðið er að gera ásýnd og skilgreiningu landlæknisembættisins nútímalegri og meira í samræmi við lögbundið hlutverk stofnunarinnar.

Tillaga II: Sameining landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar

- Sameina Lýðheilsustöð og landlæknisembættið í eina stofnun, **“Landlæknir – Stjórnsýslustofnun lýðheilsu og velferðarmála”**
- Það eflir stofnunina sem stjórnsýslustofnun lýðheilsu og velferðar og býr til samlegðaráhrif á sviði upplýsingaöflunar og upplýsingamiðlunar, ráðgjafar og forvarna
- Greining á starfsemi þessara stofnana sýnir að hlutverk þeirra falla vel saman. Því er raunsætt að samþætting skapi samlegðaráhrif
- Hin nýja stofnun yrði, auk ofangreindra hlutverka, miðstöð upplýsingaöflunar, greiningar og upplýsingamiðlunar á sviði heilsu og velferðar

Til að efla starfsemina enn frekar er lagt til að Lýðheilsustöð og landlæknisembættið verði sameinuð í nýja stofnun, Landlæknir – Stjórnsýslustofnun lýðheilsu og velferðar, þar sem skörun verkefna milli sjálfstæðra stofnana verði þar með úr sögunni og kraftar sameinaðir á þeim sviðum þar sem samlegðaráhrifum má ná. Þetta fyrirkomulag fellur einnig vel að hlutverki sóttvarnalæknis innan landlæknisembættisins. Athuga mætti hvort einstakir verkþættir ættu að starfa sem nokkuð sjálfstæðar einingar innan stofnunarinnar, líkt og á við um sóttvarnalækni nú. Það gæti til dæmis átt við um lýðheilsuþáttinn.

Í hagræðingarskygni og til að fá fram meiri samlegðaráhrifum í virkari og öflugri einingu er lagt til að Landlækni – Stjórnsýslustofnun lýðheilsu og velferðar verði falin ný verkefni á sviði eftirlits með starfsemi í velferðarþjónustu. Það er í samræmi við fyrirkomulag sem algengast er á hinum Norðurlöndunum, þ.e. hjá sambærilegum stofnunum og landlæknisembættinu. Þarna er um að ræða eftirlit með umönnunarstofnunum (á sviði öldrunarmála, ungingaheimila, meðferðarstofnana og hjá veitendum starfsendurhæfingar, svo nokkuð sé nefnt). Eftirlitið nái til þess að meta og fylgjast með að starfsemi sé í samræmi við lög og góða fagmennsku. Með þessu má bæta úr skorti á eftirlitshlutverki á sviði velferðarmála hér á landi, án þess að stofna um það nýja litla eftirlitsstofnun í félagsgeiranum. Samlegðaráhrif eru án efa fyrir hendi með slíku fyrirkomulagi, auk þess sem efla þarf eftirlit á viðkomandi sviðum.

Tillaga III: Fela nýju stofnuninni Landlækni – Stjórnsýslustofnun Lýðheilsu og velferðar aukið eftirlitshlutverk á sviði velferðarþjónustu

- Færa til Landlæknis-Lýðheilsustöðvar **eftirlitshlutverk með umönnunarstofnunum, meðferðarstofnunum og starfsemi starfsendurhæfingar í félagsgeiranum**, sem hið opinbera greiðir til, sem lög ná til og/eða sem opinbera velferðarkerfið nýtir
- Breyta þarf innra skipulagi embættisins til að draga betur fram hlutverk þess sem stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunar heilbrigðis- og velferðarmála.
- Helstu starfssvið nýrrar stofnunar yrðu: Eftirlit, gæðamál, leyfisveitingar, ráðgjöf, upplýsingaöflun, upplýsingamiðlun, gagnabankar, sóttvarnir, forvarnir og lýðheilsa
- Kostir breytingarinnar: Styrkari samvirkar stoðir eftirlits, upplýsingaöflunar, greiningar, ráðgjafar og forvarna

Til að ná fram öflugri virkni við eftirlit og önnur þau hlutverk sem nýju landlæknisembætti-Lýðheilsustöð væru falin þarf að breyta innra skipulagi stofnunarinnar (sjá skipurit og starfsmannafjölda á einstökum sviðum í Viðauka IV). Með ofangreindum breytingum væri Landlæknisembættið-Lýðheilsustöð í góðu samræmi við skyldar stofnanir á hinum Norðurlöndunum og mun öflugri eining til að sinna fyrirbyggjandi verkefnum. Stofnunin yrði einnig öflug miðstöð upplýsingasöfnunar, greiningar og miðlunar.

Tillaga IV: Flytja lyfjagreiðslunefnd til Lyfjastofnunar

- Flytja lyfjagreiðslunefnd til Lyfjastofnunar
- Styðja viðleitni Lyfjastofnunar til að afla tekjuskapandi verkefna erlendis
- Greining á starfsemi þessara stofnana sýnir að þær falla vel saman. Því er raunsætt að samþætting geti myndað samlegðaráhrif.
- Athuga hvort rétt sé að flytja eftirlit með lækningatækjum frá landlæknisembættinu til Lyfjastofnunar. Slíkt eftirlit fellur vel að starfsháttum í eftirlitsstarfsemi Lyfjastofnunar.
- Athuga hvort hagkvæmt geti verið að flytja eftirlit með lyfjanotkun og ávísunum lyfja frá landlæknisembættinu til Lyfjastofnunar.

Tillaga IV er að flytja lyfjagreiðslunefnd til Lyfjastofnunar. Lyfjagreiðslunefnd er fámenn og hefur afmörkuð hlutverk er lúta að verðlagningu lyfja og samanburði á verðlagi lyfja milli landa. Nefndin ákveður jafnframt hvort sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu á lyfjum. Óhagkvæmt er að starfrækja svo smáa einingu sér og má ætla að starfsemi hennar falli ágætlega að Lyfjastofnun. Lyfjastofnun á sér systurstofnanir á öllum hinum Norðurlöndunum og í flestum Evrópulöndum. Hún starfar að stórum hluta í samræmi við regluverk Evrópusambandsins og EES-samningsins og hefur náð góðum tengslum við hið alþjóðlega umhverfi á starfsviði sínu og meðal annars fengið tekjuaflandi verkefni erlendis frá. Ekki virðist ástæða til að breyta stofnuninni stórlega.

Þó má einnig athuga hvort hagkvæmt geti verið að flytja eftirlit með lækningatækjum frá landlækni til Lyfjastofnunar, þar eð það fellur vel að starfsháttum Lyfjastofnunar við eftirlit. Einnig má athuga hvort eftirlit með lyfjanotkun og ávísunum lyfja ætti að flytja frá landlækni til Lyfjastofnunar. Það gæti fallið vel að öðrum eftirlitshlutverkum Lyfjastofnunar á sviði lyfjamála, en á móti rekst það á hitt sjónarmiðið, sem er að halda víðtæku hlutverki landlæknisembættis-Lýðheilsustöðvar á sviði eftirlits saman undir einum hatti. Þennan valkost má þó kanna nánar. Loks kann að vera ástæða til að auka svigrúm til að fela Lyfjastofnun önnur verkefni en henni eru falin samkvæmt núgildandi lögum, til að auðvelda heilbrigðisráðuneytinu að ná fram þjóðhagslega mikilvægum markmiðum, svo sem að halda lyfjaútgjöldum ríkisins betur í skefjum.

Að hálfu fulltrúa í Lyfjagreiðslunefnd kom fram sú hugmynd á samráðsfundi með nefndinni að kanna fýsileika þess að flytja lyfjagreiðslu Sjúkratrygginga Íslands einnig til Lyfjastofnunar eða í sama húsnæði. Með því væri helstu stjórnsýslu- og eftirlitsþáttum lyfjamála komið fyrir á einum stað. Þannig er málum fyrir komið í Danmörku og virðist slík hugmynd falla vel að þeim markmiðum sem eru til grundvallar í hugmyndum þessarar skýrslu, þ.e. að samþætta eða sameina skylda starfsemi til hagræðingar og eflingar. Þetta er þó nefnt með þeim fyrirvara að málefni SÍ hafa ekki komið til ítarlegrar skoðunar í nefndinni.

Síðastu tillögurnar snúa einkum að Geislavörnum ríkisins. Sú stofnun er lítil og með mjög sérhæfð verkefni en ágætlega tengd við erlendar systurstofnanir og hefur meðal annars fengið tekjuaflandi verkefni erlendis frá. Öll starfsemi Geislavarna ríkisins er vottuð samkvæmt gæðastaðlinum ISO-9001. Eins og fram kemur í Viðauka I á hún sér systurstofnanir í flestum hinna Norðurlandanna en þó er stórum hluta verkefna hennar sinnt innan systurstofnunar Landlæknisembættisins í Danmörku (Sundhedsstyrelsen).

Tillaga V: Aðrar umræðutillögur


- Huga nánar að samlegðaráhrifum milli **Geislavarna ríkisins og Vinnueftirlits ríkisins**, sem báðar annast eftirlit með vinnustöðum, í þágu heilsuverndar og velferðar.
- Kanna hvort skynsamlegt geti verið að færa Vinnueftirlit ríkisins undir heilbrigðisráðuneytið?
- Í Finnlandi heyra geislavarnstofnanir undir heilbrigðisráðuneytið og í Danmörku eru þær að stórum hluta deild innan *Sundhedsstyrelsen*
- Vinnueftirlit heyrir undir heilbrigðisráðuneytið í Finnlandi og í Svíþjóð heyrir skyld starfsemi einnig undir heilbrigðis- og velferðarráðuneytið
- Greining á starfsemi Geislavarna ríkisins og Vinnueftirlits ríkisins sýnir að stofnanirnar falla ágætlega saman. Því er raunsætt að aukin samþætting milli þeirra geti myndað samlegðaráhrif.

Þegar hugað er að skyldleika við verkefni annarra stofnana á sviði heilbrigðis- og velferðarmála virðist eðlilegast að tengja Geislavarnir ríkisins við Vinnueftirlit ríkisins. Báðar stofnanir annast eftirlit á vinnustöðum og tækjum, í þágu heilsuverndar og forvarna. Í reynd er það svo að verkefni systurstofnana Vinnueftirlitsins hafa verið að færast meira í átt heilsuverndar, öryggis og hollustu. Vinnueftirlit ríkisins er einnig með rannsóknar- og upplýsingahlutverk sem fellur best að heilbrigðisgeiranum og lýðheilsumálum.

Greining á starfspáttum Geislavarna ríkisins og Vinnueftirlits ríkisins bendir til að vegna skyldleika í starfsemi og viðfangsefnum gætu verið mörg tækifæri til samlegðaráhrifa með aukinni samþættingu þessara stofnana. Því er lagt til að slík samþætting eða samstarf verði kannað nánar og einnig skipan þessara stofnana á vettvangi ráðuneyta.

Viðauki I: Skipan og verkefni helstu stjórnsýslustofnana heilbrigðis- og velferðarmála á hinum Norðurlöndunum

Í Danmörku eru, eins og sjá má á almennu skipuriti ráðuneytis heilbrigðismála og forvarna, þrjár stofnanir tilgreindar sem lykil stofnanir á heilbrigðisviði: Sundhedsstyrelsen (National Board of Health, systurstofnun landlæknisembættisins), Lyfjastofnun og Blóðmeinasstofnun (Serum Institute). Síðan eru tilgreind siðaráð og kærunefnd. Afgreiðsla almannatryggingabóta fer fram á sveitarstjórnarstigi. Einnig er sérstofnun fyrir sjúklingatryggingu.



Helstu stofnanir heilbrigðismálanna í **Danmörku** eru eftirtaldar:

- Sundhedsstyrelsen (Samsvarandi Landlæknisembætti)
- Lyfjastofnun
- Blóðmeinasstofnun
- Rannsóknarstofnun óhefðbundinna lækninga
- Vísindasiðanefnd
- Gæðaþróunarstofnun heilbrigðisþjónustunnar
- Lýðheilsustofnun (einkum rannsóknir)
- Geislavarnastofnun (takmarkað hlutverk)
- Rannsóknarráð heilbrigðismála


Helstu verkefni Sundhedsstyrelsen í Danmörku eru eftirtöld:

- **Forvarnir** (ráðgjöf, miðlun upplýsinga, samvinna, framkvæmd stefnu ráðuneytisins, upplýsingasöfnun, greining og skýrslugerð)
- **Eftirlit með heilbrigðisþjónustu** mat á lækningatækni (eftirlit með að framkvæmd sé í samræmi við lög og reglur, vinnur að gæðaþróun, mati og úttektum, safnar í og notar gagnabanka um heilbrigðisþjónustuna og heilsufar þjóðarinnar, fylgist með að nýting bjarga í þjónustunni sé hagkvæm)
- **Málefni sjúklinga/notenda** (gefur út leiðbeiningar og ráðgjöf um starfshætti, fylgist með biðtíma í þjónustunni o.fl.)
- **Geislavarnir á heilbrigðisstofnunum** (fylgist með notkun geislavirkra tækja í heilbrigðisþjónsutu og umhverfinu, til að tryggja varnir gegn geislun, setur reglur og veitir leyfi)
- **Heldur gögn og gerir skýrslur um heilsufar** (safnar gögnum um heilbrigðisþjónustuna, fyrir eftirlit, forvarnir, gæði, árangursmat og þróun, miðlar gögnum til rannsóknarumhverfis; heldur landsskrár heilbrigðismála)
- Ráðgjöf og skipulagning (ráðleggur ráðherra og öðrum stjórnvöldum, varðandi sjúkrahús, heilbrigðisþjónustu og sérfræðilækningar; einnig ráðgjöf og leiðbeiningar til starfsfólks heilbrigðisþjónustunnar)
- **Hagræn mál heilbrigðisþjónustunnar** (þróar og nýtir aðferðir við greiningu kostnaðar fyrir stjórnun og stefnumótun í heilbrigðismálum, notar DRG aðferðina, með gagnabönkum embættisins)
- **Eftirlit** (fylgist með öryggi sjúklinga, eftirlit með starfsfólki heilbrigðisþjónustu, annast leyfisveitingar til lögverndaðra starfa, tekur við kvörtunum og skráir, annast réttindamál sjúklinga og sinnir einnig eftirliti með útgáfu lyfseðla o.fl.)

- **Menntun og leyfisveitingar** (ráðleggur yfirvöldum um menntunarpörf á sviði heilbrigðismála, veitir ráð um framhaldsmenntun og símentun starfsfólks, lækna og tannlækna, veitir faglega viðurkenningu til sérmenntaðs starfsfólks)

Í **Finnlandi** eru helstu stofnanir heilbrigðismálanna eftirtaldar:

- VALVIRA-Eftirlitsstofnun velferðar og heilbrigðismála (samsvarandi landlækni)
- Lyfjastofnun
- Lyfjalækningastofnun
